

Heilbrigðisráðuneytið
berist til Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík
hrn@hrn.is

Reykjavík 26. júní 2021

Efni: Vegna stofnunar landsráðs um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu.

Við undirrituð fögnum stofnun landsráðs um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu. Engu að síður viljum við vekja athygli á þeirri faglegu einsleitni sem einkennir skipan landsráðsins, sérstaklega þegar horft er til hlutverks og markmiða:

„Hafinn er undirbúningur að gerð þingsályktunartillögu heilbrigðisráðherra um stofnun landsráðs sem verður ráðgefandi vettvangur um mönnun heilbrigðisþjónustunnar og menntun heilbrigðisstétta. Markmiðið er að tryggja til framtíðar nægan fjölda hæfs starfsfólks og að menntun þess fullnægi þörfum heilbrigðisþjónustunnar á hverjum tíma“

Sjö einstaklingar eru skipaðir í landsráðið samkvæmt frétt af vef Stjórnarráðsins, sjá [hér](#). Eftir því sem best verður séð er um að ræða fjóra hjúkrunarfræðinga (þar af einn sem er líka ljósmóðir), einn lækni, tvo embættismenn (hvorugur með heilbrigðismenntun) og að auki tveir starfsmenn þar sem annar er hjúkrunarfræðingur.

Við teljum það skjóta skökku við að landsráðið sé skipað með þetta takmarkaða breidd í heilbrigðismenntun. Til að tryggja heilðræna sýn ráðsins á heilbrigðisþjónustu í landinu er brýnt að það sé skipað fagfólki með fjölbreyttari heilbrigðismenntun að baki en raunin er hér.

Í frétt af fyrsta fundi ráðsins, sjá [hér](#), kemur fram að hugsunin sé sú að ráðið eigi að vera samráðsvettvangur á breiðum grundvelli og muni skila heilbrigðisráðherra árlega tillögum að áætlun um aðgerðir í þágu mönnunar og menntunar í heilbrigðisþjónustu. Ennfremur að landsráð muni rýna í gögn og skýrslur um mönnun og menntun lækna, hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða.

Við gerum alvarlegar athugasemdir við þetta þrönga sjónarhorn og minnum á erindi Ástu Valdimarsdóttur ráðuneytistjóra í Heilbrigðisráðuneytinu á Heilbrigðisþingi 2020 sem fjallaði meðal annars um mönnun og menntun í sex heilbrigðisstéttum. Hún tók þar skýrt fram að huga þyrfti að mönnun í fleiri greinum. Niðurstöður könnunar sýndu að verulegur skortur væri á fagfólki í öllum heilbrigðisgreinum þótt dreifing væri mismunandi eftir því hvort um höfuðborgarsvæðið eða landsbyggðina væri að ræða.

Mönnunar- og nýliðunarvandi er vel þekktur hjá mörgum heilbrigðisstéttum hér á landi og fagfélög hafa margsinnis bent á þennan vanda í ræðu og riti. Því er í þessu samhengi öllu, vert að rifja upp yfirlýsingu þriggja ráðherra (forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og heilbrigðisráðherra) frá 12. febrúar 2018 sem birt var í tengslum við kjarasamninga við 17 aðildarfélög BHM, sjá [hér](#). Þá var gefið skýrt loforð um átak í gerð

mannafloppur til næstu 5-10 ára auk þess að fara í umbætur á kjörum og starfsumhverfi heilbrigðisstarfsfólks ríkisins í samráði við aðildarfélögin.

Við undirrituð óskum eftir því að samráð verði haft við fag- og stéttarfélög heilbrigðisgreina innan BHM varðandi þessi mál. Ennfremur hvetjum við til þess að þverfagleg breidd sé höfð að leiðarljósi við skipan landsráðs um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu í framtíðinni, enda sinna henni margar heilbrigðisstéttir með fjölbreytt starfssvið bæði innan og utan sjúkrastofnana.

Með vinsemd og virðingu,



Friðrik Jónsson

Formaður Bandalags háskólamanna

f.h. Félags geislafræðinga
Katrín Sigurðardóttir

f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga
Marianna H Helgadóttir

f.h. Félags lífeindafræðinga
Alda Margrét Hauksdóttir

f.h. Félags sjúkraþjálfara
Unnur Pétursdóttir

f.h. Félags talmeinafræðinga á Íslandi
Kristín Theódóra Þórarinsdóttir

f.h. Félagsráðgjafafélags Íslands
Steinunn Bergmann

f.h. Iðjuþjálfafélags Íslands
Þóra Leósdóttir

f.h. Ljósmeðrafélags Íslands
Unnur Berglind Friðriksdóttir

f.h. Sálfræðingafélags Íslands
Tryggvi Guðjón Ingason

f.h. Tannlæknafélags Íslands
Jóhanna Bryndís Bjarnadóttir

f.h. Þroskaþjálfafélags Íslands
Laufey Elísabet Gissurardóttir